

**Ferill fundarbókana er varða erindið:**

**Málsnúmer:** 2003020  
**Málsheiti:** Kórónuveiran COVID-19  
**Málsaðili:** Grindavíkurbær  
**Skráð af:** Fannar Jónasson  
**Ábyrgðaraðili:** Fannar Jónasson

Fundur: Sviðsstjórateymi - 303 (27.4.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 27.04.2020

Inngangur: Farið yfir stöðu mála.

Niðurst.: Ingibjörg María Guðmundsdóttir sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Leikskólar: Fyrirspurn frá Króki um að flytja skipulagsdag 27. maí til 4. maí. Ekki er talin þörf á slíku á Laut.

Neyðarstjórn telur þetta fyrirkomulag óheppilegt og hafnar breytingu á skipulagsdegi. Mælst er til þess að fyrirkomulag á Króki þann 4. maí verði með sama sniði og í Laut en gefið er leyfi fyrir starfsmannafundi í vikunni þar sem skólastarfið er skipulagt.

Neyðarstjórn leggur áherslu á að skólastarf verður með eðlilegum hætti frá og með 4. maí nk. með þeim fyrirvörum sem fram koma í auglýsingu heilbrigðisráðherra.

Starfsdagur í mars sem féll niður: Fræðslunefnd er falið að fjalla um það.

Fundur: Frístunda- og menningarnefnd - 94 (24.4.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 24.04.2020

Inngangur: Farið yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á frístunda- og menningarsviði vegna Covid-19 og samkomubanns.

Niðurst.: Farið yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á frístunda- og menningarsviði vegna Covid-19 og samkomubanns, s.s. breytingar á viðburðum og opnunartímum stofnana.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 302 (22.4.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 22.04.2020

Inngangur: Tilslökun á samkomubanni og önnur mál.

Niðurst.: Auglýsing um tilslökun þann 4. maí á samkomubanni lögð fram.

Frá og með 4. maí verður skólastarf með hefðbundnum hætti, þar með talið íþróttastarf barna. Takmarkanir verða hins vegar gagnvart fullorðnum. Er það hámark 4 aðilar í a.m.k. 800 m<sup>2</sup> rými innandyra en hámark 7 saman á a.m.k. 2.000 m<sup>2</sup> svæði utandyra.

Nánari útfærsla hvað varðar starfsemi skólanna verður í höndum skólastjórnenda.

Nökkvi kallar eftir því hvort eitthvað sé óljóst hjá stjórnendum skólanna.

Eggert mun fara yfir takmarkanir á íþróttaiðkun fullorðinna með forstöðumanni íþróttamiðstöðvar.

Bókasafn: Samþykkt að hafa það opið sem skólasafn milli 08:00 og 13:00 og sem almenningubókasafn frá 13:00 til 18:00.

Þruman: Venjulega er takmörkuð aðsókn í maí þannig að gert er ráð fyrir að þruman fari í sumarfrí fljótlega.

Kvikar: Opnar 4. maí með hefðbundnum hætti, þ.e. 10:00-17:00.

Bæjarskrifstofur: Hópaskipting fellur niður 4. maí en ef einhverjir treysta sér ekki í það er hægt að fá heimild til þess að vera heima að einhverju marki.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 301 (15.4.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 15.04.2020

Inngangur: Farið yfir stöðu mála.

Niðurst.: Ingibjörg María Guðmundsdóttir, yfirsálfræðingur, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Starfsmaður hjá Grindavíkurbæ í forgangi er í vandræðum með barn í leikskóla, þ.e. umfram það sem skipulagið gerir ráð fyrir en það er annan hvern dag. Á Laut er ekki gert ráð fyrir að taka inn forgangsbörn alla daga. Foreldri barnsins hefur ekki sótt um forgang.

Neyðarstjórn tekur ekki afstöðu til þessa máls en foreldrið þarf að eiga það við skólastjóra leikskólans.

Kannað verður með að starfsmenn annarra stofnana gangi í þau störf sem viðkomandi starfsmaður sinnir, þ.e. að keyra út mat til eldri borgara.

Fundargerðir neyðarstjórnar: Beiðni hefur komið frá aðila úti í bæ um að fá fundargerðir neyðarstjórnar.

Neyðarstjórn hefur eingöngu fjallað um þetta mál og mun verða tekið út úr málaskránni bókanir undir þessu máli og birt á heimasíðu bæjarins.

Minnisblöð sóttvarnalæknis um afléttingu takmarkana á samkomum lögð fram.

Nökkvi leitar eftir nánari útlistun á afléttingu á þessum takmörkunum.

Hátíðahöld í sumar: Ákvörðun um Sjóarann síkátá og 17. júní mun liggja fyrir eftir næstu viku.

Fundur: Sviðsstjórategymi - 300 (3.4.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 03.04.2020

Inngangur: Farið yfir stöðu mála.

Niðurst.: Opnun leikskóla í næstu viku:

Þrýstingur er á að leikskólinn verði opin í dymbilviku frá foreldrum sem þurfa vinna en skólastjórnendur eru að velta fyrir sér að hafa lokað. Önnur sveitarfélög á Suðurnesjum hafa opið þessa viku.

Samþykkt að leikskólarnir verði opnir í dymbilviku með sama fyrirkomulagi og undanfarnar vikur.

Beiðni er um að fá að flytja börn milli hópa í leikskólanum. Neyðarstjórn samþykkir flutning barna á milli hópa á þann máta að breytingin taki gildi eftir páska. Þannig færst nk sóttkví á milli.

Fundur: Sviðsstjórategymi - 299 (26.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 26.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Bréf landlæknis:

Skólastjórnendum var ætlað að senda það á starfsfólk og foreldra.

Bréfið kom ýmsum nokkuð á óvart. Enginn skólastjórnenda hafði sent út bréfið í gærmorgun og NMJ ýtti á þá með að senda út bréfið og þá kom í ljós nokkur órói í skólastjórnendum sem sneri að því að foreldrar myndu halda að um stefnubreytingu væri að ræða og börn myndu hópast í skólann.

Kristín María setur frétt á heimasíðuna sem samin var á fundinum.

Fundur: Bæjarráð Grindavíkur - 1543 (24.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 24.03.2020

Inngangur: Fundarbókanir neyðarstjórnar lagðar fram.

Innheimtumál á tímum Covid-19, leikskólagjöld ofl.

Niðurst.: Fundarbókanir neyðarstjórnar lagðar fram.

Fundur: Sviðsstjórategymi - 298 (19.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 19.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Farið yfir skráningar í Vinnustund og eftirfarandi samþykkt:

1. Starfsfólk sem er heima vegna hópaskiptingar og hafa tök á því að vinna heima skulu skrá eftirfarandi í Vinnustund:  
? Tímaskráning er með eðlilegum hætti sem unnin tími en velja merkinguna Covid 19, unnið heima.
2. Starfsfólk sem fer í sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda eða yfirmanna skv. viðbragðsáætlun sveitarfélagsins. Starfsmaður skal halda launum og skulu tímar skráðir eftirfarandi í vinnustund:  
? Leyfi á launum með merkingunni Covid 19, sóttkví.
3. Starfsfólk sem fer sjálfskipað í sóttkví. Hafi starfsmaður ekki undirliggjandi sjúkdóma og þ.a.l ekki vottorð skulu tímar skráðir eftirfarandi í vinnustund:  
? Launalaust leyfi eða orlof eftir því hvers starfsmaður óskar.
4. Starfsfólk sem fer sjálfskipað í sóttkví vegna undirliggjandi sjúkdóma skulu semja um það við sinn yfirmann. Skráning í vinnustund er eftirfarandi:  
? Leyfi á launum með merkingunni Covid 19, undirliggjandi sjúkdómar.
5. Veikindi til staðar. Skila skal inn vottorði. Skráning í vinnustund er eftirfarandi;  
? Veikindi með merkingunni Covid 19, veikindi.
6. Starfsfólk sem eru heima vegna hópaskiptingar á vinnustaðnum en hafa ekki tök á að vinna heima skulu tímar skráðir eftirfarandi í vinnustund:  
? Leyfi á launum með merkingunni Covid 19, hópaskipting.

Forgangshópar:

Allar umsóknir hafa verið afgreiddar og mál hafa verið leyst án þess að til þessa komi. Þó gæti verið þörf í grunnskólanum en þá væri möguleiki að auglýsa á heimasíðu eftir einstaklingum sem gætu tekið að sér að vera með þessum forgangsbörnum. KMB kallar eftir meiri upplýsingum frá skólastjóra.

Krókur: 39 börn í ótímabundnu leyfi. Auk þess 7 börn í leyfi út þessa viku. Í næstu viku eru áfram þessi 39 börn í leyfi auk þess 2 í leyfi næstu viku.

Grunnskólinn:

8 börn í sóttkví. 32 nemendur í leyfi fram að páskum. Einhver fjölgun á þeim starfsmönnum sem eru með undirliggjandi sjúkdóma og vilja vera heima en þeir eru 9.

Laut:

Lokað í dag en verður opnað á morgun þar sem aðilinn sem var í greiningu reyndist neikvæður.

Hópið:

Hópið átti að vera lokað öllu öðru en 2 kvöld í viku fyrir knattspyrnudeildina. Brögð eru að því að farið sé framhjá lokuninni og eldri borgarar eru ósáttir við lokunina og að aðrir séu að fara inn þrátt fyrir lokun.

Því er neyðarstjórn tilneydd til að loka Hópinu fyrir allri starfsemi.

Skólamaturlausnir:

Skólamaturlausnir ehf upplýsti skólastjóra grunnskólans að borist hafi uppsagnir á mataráskrift. Foreldrar eru ekki tilbúnir til að greiða fyrir mat ef börnin eru ekki í skólanum. Skólamaturlausnir ehf. hafði gert ráð fyrir að áskriftir giltu amk út mars. En heimilt er þó að segja upp mánaðaráskrift svo fremi hún komi fyrir 25. hvers mánaðar. NMJ IMG fá nánari upplýsingar um hvað málið snýst.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 297 (18.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 18.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Dagforeldrar:

Spurt er um skerðingu vegna barna sem eru heima skv. tilmælum bæjarins.

Samþykkt er að niðurgreiðslur frá Grindavíkurbæ haldast óskertar, bæði til dagforeldra á Gerðavöllum og þeirra sem eru í heimahúsi og leigan á Gerðavöllum verður ekki innheimt meðan neyðarstig er í gildi.

Grunnskólinn: 12 börn tilkynnt í leyfi út þessa viku og 13 börn í næstu viku.

Mæting nokkuð góð.

Grunnskólinn er með 3 starfsmenn, með undirliggjandi sjúkdóma, sem verða heima út tímabilið.

Enginn börn né starfsmenn með grun um smit.

Eftir þessa viku er staðan endurmetin og möguleiki að 7.-9. bekkur geti komið eitthvað í skólann.

Laut:

36 börn tilkynnt í leyfi meira eða minna meðan ástandið varir. Í dag mættu 23 börn og í gær 25.

Enginn starfsmaður hefur nýtt sér að vera heima.

Einn starfsmaður er í sóttkví. Sá aðili var í nánnum samskiptum um helgina við einstakling með staðfest smit og annan einstakling þar sem grunur er um smit. Þessi starfsmaður bíður eftir niðurstöðu úr greiningu en hann var í vinnu í gær en ekki í dag. Niðurstaða fæst á morgun og í ljósi stöðunnar er best að leikskólinn verði lokaður á morgun og staðan endurmetin þegar niðurstaða greiningar liggur fyrir.

Krókur:

49 börn tilkynnt leyfi af 114 börnum. Mæting í dag var 17 börn.

Enginn starfsmaður í áhættuhópi og 1 starfsmaður í sóttkví.

Forgangur:

Umsóknir eru vegna tveggja barna á Króki og eitt í grunnskólanum (2 heimili).

Neyðarstjórn beinir því til skólastjórnenda að meta það hvort þetta sé gerlegt en miðað við fyrirliggjandi forsendur um aðskilnað hópa telur neyðarstjórn að þetta sé illmögulegt í framkvæmd.

Neyðarstjórn Grindavíkurbæjar vill benda foreldrum leik- og grunnskólabarna á að gott sé að hafa í huga hópaskiptingar skólanna þegar og ef börn leika sér eftir að skólatíma lýkur.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 296 (17.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 17.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Bregðast þarf við stuðningsþörf með einu barni í grunnskólanum. Inga María fylgir því eftir.

Grunnskólinn er búinn að skipuleggja starfsemina þannig að börnin eru annan hvern dag.

7.-9. bekkur verða í heimanámskennslu.

Grunur er um smit í bókasafninu. Af þeim sökum verður því lokað alveg.

Að svo stöddu þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að börn fólks í forgangshópi fái skólavist daglega.

Eldra starfsfólk yfir 60 ára, eða starfsfólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma, fá ákveðinn slaka til að fá að vera heima. Möguleiki er að fá framhalds- eða háskólanema til að sinna afleysingu í þessum tilvikum.

Hafa þarf samband við forstöðumenn um þennan slaka. KMB sendir á forstöðumenn.

Eggert vék af fundi kl. 14:55.

Upp hefur komið óánægja með lokun á Hópinu hjá eldri borgurum og einhverjum fleirum. Sú ákvörðun sem tekin hefur verið með lokun stendur. Grunur er um að farið sé framhjá þessu og æfingar, umfram það sem áður var samþykkt, fari fram. Ef svo er þá er lítið annað að gera en að skipta um læsingu í Hópinu.

Beðið er eftir greiningu á starfsmanni sem sat fund með neyðarstjórn sl. föstudag. Niðurstaða þar gæti haft áhrif á opnun á Króki.

Fundur: Bæjarstjórn Grindavíkur - 504 (16.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 16.03.2020

Inngangur: Farið yfir stöðu mála.

Niðurst.: Til máls tóku: Sigurður Óli, bæjarstjóri, Guðmundur, Hallfríður, Birgitta, Helga Dís, Hjálmar, Páll Valur og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýsluviðs.

Lögð fram viðbragðsáætlun og erindisbréf neyðarstjórnar.

Bæjarráð hefur samþykkt áætlunina og erindisbréfið.

Bæjarstjórn staðfestir neyðaráætlunina og erindisbréf neyðarstjórnar.

Bæjarstjórn áréttar að stofnanir bæjarins þurfa samþykki neyðarstjórnar fyrir starfseminni á meðan neyðarástand varir en neyðarstjórn starfar í umboði bæjarstjórnar.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 295 (16.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 16.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Tónlistarskólinn:

Búið er að útfæra starfsemina fyrir næstu vikur.

Skólastjóri Tónlistarskólans útnefnir annan staðgengil meðan ástandið varir.

Samþykkt af neyðarstjórn.

Leikskólinn Krókur:

Hulda er búin að skipuleggja skiptingu starfsmanna og nemenda. En það verður annar starfsdagur á morgun. Hópar verða 2 aðra vikuna og 3 daga hina. Gæti verið að þyrfti aukastarfsfólk til að manna þetta svona. Hulda leitar til nema í leikskólafræðum til að manna þetta. Tilkynning verður sett á heimasíðu bæjarins.

Jafnframt ósk um að fá að loka fyrr á daginn, kl. 15:00.

Samþykkt af neyðarstjórn.

Leikskólinn Laut:

Fríða er búin að skipuleggja starfið á svipuðum nótum og hjá Króki. En það þarf að breyta opnunartíma, þ.e. frá 8:00 til í mesta lagi 16:00. Einhverja daga þyrfti opnun að ná skemur inn á daginn, þ.e. til 15:00.

Samþykkt af neyðarstjórn.

Grunnskólinn:

Inga María og Eggert fóru á fund stjórnenda grunnskólans. Skólinn mun ekki nýta sér íþróttakennslu í íþróttahúsinu og er það í góðu lagi af hálfu neyðarstjórnar.



Hvað varðar skipulag kennslu og skiptingu í hópa þá fara skólastjórnendur á svig við fyrirmæli neyðarstjórnar og tilmæli frá sambandinu um starf grunnskóla. Í trássi við þau fyrirmæli er haldið til streitu að 10. bekkur mæti alla daga í skólann en aðrir annan eða þriðja hvern dag.

Fyrirmælin voru þau að reyna ætti að skipta í 20 nemenda hópa og kenna hverjum hópi annan hvern dag. Ef það gæti ekki gengið ætti að sinna yngri nemendum í skólanum þar sem eldri nemendur geta frekar verið í heimanámskennslu.

Íþróttamiðstöð:

Íþróttahús og sundlaug verður opið 6-16 virka daga og eitthvað styttra um helgar, líklega 9-15.

Hópið verður lokað nema meistaraflokkar fá afnot af því tvö kvöld í viku.

Líkamsræktin: Takmörkun á aðgengi þ.a. verða ekki fleiri en 10 í einu. Hópatímar falla niður.

Víðihlið: Frá og með morgundeginum verður matur ekki skammtaður á staðnum heldur sendur heim til þeirra sem það vilja.

Fundur: Sviðsstjórategymi - 294 (16.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 16.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Smit hefur komið upp í Grindavík og tengdur aðili hefur setið fund með neyðarstjórn.

Sá aðili er í greiningu.

Neyðarstjórn ítrekar eftirfarandi varðandi grunnskólastarf í Grindavík:

Allir árgangar í Grunnskóla Grindavíkur fái kennslu annan hvern dag og hverjum árgangi verði skipt upp í hópa þannig að ekki verði fleiri en 20 nemendur í hóp. Þetta er til þess að rjúfa smitleiðir á milli hópa.

Ef þessu verði ekki viðkomið þá skal verða horft til leiðbeininga frá Sambandinu sem eru eftirfarandi:

## GRUNNSKÓLI

1. HÓPAR Kennsla verði í hópum með ekki fleiri en 20 nemendum og ekki verði um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Hver hópur hafi eina stofu til umráða Öll kennsla fari fram í stofu viðkomandi hóps og matast hann þar einnig ef ekki er unnt að nota matsal.

2. GRUNNKENNSLA Skólar halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður og fyrirskipaðar takmarkanir. Það er í höndum hvers sveitarfélags/skóla að útfæra skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Eðlilegt er að yngstu nemendur hafi forgang að viðveru í skóla. Bent er á fræðslu og stuðningsefni á vef Menntamálastofnunar og hjá RÚV. Allir nemendur hafi regluleg tengsl við skólann, þ.e. ýmist komi í skólann eða hafi samskipti við kennara með öðrum leiðum. Eftirfylgni verði höfð með ástundun náms og mikilvægt að foreldrar taki þátt í því verkefni. Lögð verði áhersla á stöðuga virkni nemenda og

reglulega hreyfingu. Nákvæm útfærsla verður ólík milli skóla/sveitarfélaga.

3. (SÉR)GREINAKENNSLA Í SÉRÚTBÚNUM STOFUM/RÝMUM FALLI NIÐUR Öll venjubundin

kennsla í list- og verkgreinastofum falli niður. Íþrótt- og sundkennsla verði í formi hreyfingar á skólalóð, annarri útikennslu eða inni í hópastofum. Sérgreinastofur má nota fyrir ákveðna (fasta) hópa ef þörf er fyrir að skipta bekkjum til að fara ekki yfir viðmiðunarfjölda hópa. Einstaka skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun.

4. SÉR-/STARFSDEILDIR Sér-/starfsdeildir verði með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni.

5. MATARÞJÓNUSTA Matarþjónusta verði í boði í skóla ef mögulegt er að koma því við. Öll matarneysla fari fram í heimastofum eða í matsal skóla þar sem því verður við komið.

6. VETTANGSFERÐIR falli niður sem og ferðir í skólabúðir.

Endurskoðuð hópaskipting á bæjarskrifstofu:

Hópur A: Fannar, Dijana, Kjartan, Inga María, Guðbjörg, Eggert, Atli Geir, Erla Björg, Sigrún, Lína, Helga Fríður.

Hópur B: Jón, Kristín, Fanný, Kristín María, Bjarni Rúnar, Soffía, Íris, Telma, Nökkvi og Hildigunnur.

Hver starfsmaður sér um sóttthreinsun á sinni vinnustöð.

Íþróttamannvirki: Vandamálið við starfsemina eru búningsklefar. Því er gert ráð fyrir að klefarnir verði lokaðir og börn mæti í íþróttaklæðnaði og fari síðan beint heim að lokinni æfingu. Íþróttakennarar munu síðan sjá um að ekki sé of mikil nánd milli aðila og velja leiki sem styðja það. Ef það er ekki hægt verður að nýta útikennslu ef veður leyfir, sbr. [https://www.samband.is/media/covid-19/Vidmid-um-takmarkanir-a-skola-og-fristundastarfi-vegna-COVID-19\\_samband.pdf](https://www.samband.is/media/covid-19/Vidmid-um-takmarkanir-a-skola-og-fristundastarfi-vegna-COVID-19_samband.pdf)

Hópið verður lokað.

Víðihlið: Nú þarf að huga að því að loka mötuneyti í Víðihlið frá og með morgundeginum og keyra út mat til þeirra sem þess óska.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 293 (15.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 15.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Skólastjórnendur leik- grunn- og tónlistarskóla mættu á fundinn.

Í skólastofnunum bæjarins mun verða starfsdagur á morgun, mánudagin 16. mars og því munu nemendur verða heima. Dagurinn verði nýttur í að skipuleggja skólastarfið þannig að sem minnst röskun verði en þó með það í huga að lágmarka smithættu á milli einstaklinga og hópa.

Hugmyndin er að reyna skipuleggja grunnskólastarfið á þann hátt að kennsla hvers hóps verði annan hvern dag.

Í leikskóla þarf að minnka hópa mun meira en reynt verður að hafa sama form, þ.e. að hver hópur mæti annan hvern dag. Það ætti að duga að skipta hverri deild í tvennt.

Tónlistarskólinn mun nýta fjarkennsluforrit til kennslu og loka að öðru leiti.

Skólastjórnendur yfirgáfu fundinn kl. 16:20.

Farið yfir mögulegar opnanir íþróttamannvirkja.

Næsti fundur kl. 08:30 í fyrramálið.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 292 (13.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 13.03.2020

Inngangur: Málin rædd.

Niðurst.: Í ljósi tilkynningar frá yfirvöldum um samkomubann næstu 4 vikur þarf að taka ákvörðun um hvernig starfsemi bæjarins verði háttað þennan tíma.

Starfsmönnum á bæjarskrifstofu verður skipt í 2 hópa. Hvor hópur verður 2 daga í vinnu á bæjarskrifstofum og hinn hópurinn verður þá í vinnu heima. Á 2 daga fresti verður sérstaklega þrifið með tilliti til sóttvarna.

Hver starfsmaður sér um sóttþreinsun á sinni vinnustöð.

Hópur A: Fannar, Dijana, Guðbjörg, Eggert, Atli Geir, Fanný, Erla Björg, Nökkvi, Sigrún, Lína, Helga Fríður.

Hópur B: Jón, Kristín, Kjartan, Kristín María, Bjarni Rúnar, Soffía, Íris, Inga María, Telma og Hildigunnur.

Stjórnendur leik- og grunnskóla mættu á fundinn kl. 14:00.

Neyðarstjórn Grindavíkurbæjar og skólastjórnendur leik- og grunnskóla munu koma saman kl. 15:00 á sunnudag og þá verður ákvörðun tekin um mánudaginn.

Stjórnendur leik- og grunnskóla viku af fundi kl. 14:45.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 291 (13.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 13.03.2020

Inngangur: Staða mála rædd.

Niðurst.: Ingibjörg María Guðmundsdóttir, Stefanía S Jónsdóttir og Aníta B Sveinsdóttir sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Víðihlið: Breytingar á matarskömmtnun hafa gengið vel. Skoðað verður eftir helgi hvort þurfi að fara í meiri breytingar, þ.e. að keyra matinn út.

Það þarf líka að huga að heimilisþrifum, hvort þurfi að minnka þá þjónustu.

Samþykkt að hætta með leikfimi eldri borgara.

Janus: Búið er að tilkynna honum um frestun og hann tekur því vel.

Bílararnir: Auka þarf þrif og sóttþreinsun.

Skólarnir: Starfsemin er enn óbreytt en sérstök áhersla er á handþvott og almennt hreinlæti. Auk þess skammta nemendur sér ekki sjálfir í matnum.

Bæjarskrifstofur: Starfsemin er óbreytt ennþá en hugað er að því hvort starfsmenn vinni heima þar sem því er viðkomið.

Verkefni helgarinnar er að skoða það að allir forstöðumenn þurfa að hafa staðgengil.

Íþróttamannvirki: Verið er að gera ráðstafanir þar, loka vatnsfontum, auka þrif og setja sprittbrúsa.

Bókasafn: Þar eru bækur sprittaðar og lpadar. Vilja hætta útláni á lpad en aðstoðarskólastjórinn vill það ekki. Hægt er að loka safninu fyrir almenningi.

Samþykkt að hætta útláni á lpadum og loka bókasafninu fyrir almenningi.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 290 (12.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 12.03.2020

Inngangur: Farið yfir stöðu mála.

Niðurst.: Aníta Björk Sveinsdóttir sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram viðbragðsáætlun Janusar heilsueflingar. Ákveðið að Janusarverkefninu sé frestað og fyrirhugaður fundur á mánudag verði felldur niður.

Kristín María kannar hvort Workplace-kerfið/app geti verið hentugt til samskipta.

Rætt um að fá fjarfundabúnað í báða fundarsalina. Atli kannar með slíkan búnað.

Einhverjir munu þurfa VPN tengingu til að geta unnið heima.

Rætt um hvenær það verði tímabært að takmarka aðgengi að bæjarskrifstofu. Kristín María setur á heimasíðuna áskorun til fólks um að reyna nýta netið meira í sínum erindum.

Rætt um hvort vert sé að loka Hópinu, amk vegna eldri borgara.

Samkomur í Víðihlíð: Skömmtun á mat er nú í Víðihlíð. Möguleiki á að loka mötuneytinu og keyra út matarskammta. Kokkurinn í Víðihlíð er að fá son sinn heim úr skiptinámi á Ítalíu og þarf því sérstaklega aðgát varðandi það.

Ákveðið að fella niður tímabundið allt félagsstarf eldri borgara.

Ákveðið að menningarviðburðir á vegum Grindavíkurbæjar fari eki fram á meðan neyðarstig er í gildi.

Fundur: Bæjarráð Grindavíkur - 1542 (11.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 11.03.2020

Inngangur: Farið verður yfir stöðu mála. Lagt fyrir fundinn drög að viðbragðsáætlun Grindavíkurbæjar og erindisbréf neyðarstjórnar.

Niðurst.: Drög að viðbragðsáætlun Grindavíkurbæjar og drög að erindisbréfi neyðarstjórnar lögð fram.

Bæjarráð samþykkir samhljóða viðbragðsáætlunina og erindisbréf neyðarstjórnar.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 289 (11.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 11.03.2020

Inngangur:

Niðurst.: Farið yfir drög að viðbragðsáætlun. Viðbragðsáætlunin verður lögð fyrir bæjarráð til staðfestingar.

Fundur: Sviðsstjórateymi - 288 (9.3.2020) - Kórónuveiran COVID-19

Dags: 09.03.2020

Inngangur: Farið yfir stöðu mála.

Niðurst.: Farið yfir stöðu mála.